



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2012.

Efni: Frumvarp til laga um neytendalán (220. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heildarlög um neytendalán.

Viðskiptaráð Íslands er almennt fráhverft hugmyndum er lúta að takmörkunum á frjálsri verðmyndun á markaði og tekur í þessu tilviki undir ábendingar Samkeppniseftirlitsins.¹ Á tilteknum mörkuðum er þó við hæfi að gera strangari kröfur í þágu neytendaverndar. Fjármálamarkaðurinn er einn þeirra og ljóst er að aðilar á þeim markaði taka undir slík sjónarmið. Í þeim tilvikum skiptir þó sköpum að lagaákvæðin séu sniðin þannig að gætt sé að hagsmunum neytenda án þess að hefðbundnum viðskiptum á þeim mörkuðum séu settar of þröngar skorður.

Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar koma einkum ákvæði þess til álita er varða framkvæmd greiðslumats, bann við lánveitingum og hámarks hlutfallstölu kostnaðar. Hvað fyrstu tvo þættina varðar vísar undirritaður m.a. til athugasemda og breytingatillagna SFF við frumvarp þetta.² Varða þær einkum umfang greiðslumats, endurnýjun þess og fjölda sem ráðast þarf í vegna fjárhæðarmarkna frumvarpsins – sem yrðu í kringum 20 þúsund. Viðskiptaráð viðraði samskonar athugasemdir í umsögn sinni við 724. þingmál á 139. löggjafarþingi, þar sem athygli nefndarinnar var m.a. vakin á þeim neikvæðu áhrifum sem greiðslumatsákvæðin hefðu á annars konar starfsemi t.d. á sviði greiðslukortalána smásölu fyrirtækja.³

Í þeirri umsögn tók Viðskiptaráð jafnframt undir þann tilgang frumvarpsins að fella svokölluð smálán undir ramma neytendalána. Það væri jákvætt skref fyrir þá neytendur sem nýta sér slík lán og aðila á þeim markaði, enda fæli það í sér heilbriggt aðhald opinberra eftirlitsaðila og mikilvægt gagnsæi. Það er helst ákvæði þessa frumvarps um árlega hlutfallstölu kostnaðar sem snertir umrædda starfsemi. Hér ítrekar undirritaður það viðhorf Viðskiptaráðs að frjáls verðmyndun á markaði á grundvelli samningsfrelsis sé mikilvægt grunnstef í hverju markaðshagkerfi og tekur þar undir umsagnir SA⁴ og FME. Nú þegar eru þó frávik þar á í löggjöf tengdri vöxtum og má þar vísa til hámarks á hlutfalli dráttarvaxta. Í þessu tilviki má færa fyrir því rök að sjónarmið um neytendavernd séu jafn rík þó umfang smálána í krónum talið sé umtalsvert minna en yfirdráttarlána.

Þá, eins og áður segir, skiptir miklu að vanda til verka og gæta meðalhófs. Í fyrsta lagi er mikilvægt að hafa í huga þá hættu sem Samkeppniseftirlitið vísar til, þ.e. að kjör keppinauta færist nær lögbundnu hámarksverði sem bjagar verðsamkeppni á markaði. Í öðru lagi má velja þeim kosti upp að umrædd hlutfallstala fari stighækkandi eftir fjárhæðum. Hvað það varðar má m.a. vísa til ábendinga FME, sem ræddar eru í greinargerð frumvarpsins, þess efnis að rekstur heilbrigðs fyrirtækis krefjist ekki álagningar hærri vaxta en allt að 50-100% af árlegri hlutfallstölu kostnaðar að viðbættum stýrivöxtum Seðlabankans.

¹ Sjá [hér](#).

² Sjá [hér](#).

³ Sjá [hér](#).

⁴ Sjá [hér](#).

Þá liggja, samkvæmt upplýsingum Viðskiptaráðs, hámarksveitir tilgjafna 13 ESB landa sem nefnd eru í frumvarpinu á bilinu 50-300% enda engir hámarksveitir tilgreindir í þeirri tilskipun sem frumvarpinu er ætlað að innleiða. Í þessu samhengi má því réttilega velja upp hvort 50% viðmið frumvarpsins gangi of langt. Í þriðja lagi má hér vísa til þess álags sem ríkið leggur á vanskilafé samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 sem nemur 1% af upphæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga. Árleg hlutfallstala kostnaðar nemur því um 3.500% samkvæmt útreikningum hagfræðings Viðskiptaráðs. Fordæmi fyrir hærri hlutfallstölu kostnaðar er því til staðar í íslenskri löggjöf.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreind ákvæði verði tekin til sérstakrar skoðunar af hálfu nefndarinnar með hliðsjón af framangreindum athugasemdum sem og athugasemdum SFF, SA, Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Framkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands